

Verndun vatnsbóls á Raufarhöfn

Kristján Sæmundsson

Greinargerð KS-96-03

Verndun vatnsbóls á Raufarhöfn

Dagana 17.-18. janúar 1996 skoðaði undirritaður vatnsbólið á Raufarhöfn með tilliti til verndarsjónarmiða.

Vatnsbólið er í hrauni skammt upp og vestur frá Ormarsá. Hvergi sér í rennandi vatn í hrauninu ofan við vatnsbólið fyrr en í Ölduá sem rennur með vesturjaðri þess út í Deildarvatn þangað sem henni var veitt fyrir nokkrum áratugum. Áður rann áin austur í Ormarsá, og er hinn forni farvegur hennar skammt norðan við vatnsbólið. Hann er nú þurr nema svolítill vatnsseyra sprettur fram í honum á mótis við vatnsbólið.

Vatnsbólið sjálft er í grunnri hraunrás þar sem margar stórar og smáar uppsprettur vella upp úr botninum á um það bil 50 m kafla. Stífla hefur verið gerð þvert yfir hraunrásina. Megnið af vatninu kemur upp ofan hennar og er því veitt til þorpsins (30-40 l/s). Umframvatn nam nokkrum tugum l/s, og kom stór hluti af því upp neðan við stífluna. Rétt sunnan við vatnsbólið er einstök stór lind (tugir l/s) í grunnum hraunskorningi, og er hún einna lægst af lindunum. Ekki verður annað séð en þetta sé hið ágætasta vatnsból, vatnsmagn langt umfram þörf þorpsins og vatnsgæðin þannig að ekki verður á betra kosið. Með þeim er fylgst af heilbrigðsfulltrúa.


Frágangur við vatnsbólið er góður. Hreinsað hefur verið upp úr hraunrásinni ofan stíflunnar á 40 m kafla og fyllt í með hnullungamöl og finna efni efst og síðan tyrft yfir. Það sem á vantar er að brunnsvæðið verði girt, því fyllingin er gljúp og hvítleitt að vita af því óvörðu fyrir búfenaði.

Aðstæður í nágrenni við vatnsbólið eru að öðru leyti þær að vegarslóði liggur fast meðfram því sunnan megin og greinist um það bil 70 m ofan þess. Aðalslóðinn liggur suður í heiðina og er aðallega notaður af veiðimönnum. Aukaslóðir liggja í melholt nokkru sunnar og vestan við hraunið þar sem ofaniburður hefur verið tekinn og í gjallkamb sem kroppað hefur verið í skammt ofan og vestan við vatnsbólið. Ofaniburður var tekinn þarna í vegarslóðana á sínum tíma og ekki síðan nema þá til viðhalds á þeim. Ekki verður séð að vatnsbólínu stafi nein sérstök hættu af umferð um slóða þessa.


Tillaga mín er sú að brunnsvæðið ofan við stífluna verði girt með skepnuheldri girðingu. Girðingin liggja að frá suðurenda stíflunnar eftir hraungarði sunnan við tyrfdú fyllinguna og upp fyrir hana, þar þvert til norðurs nokkuð ofan við fyllinguna og síðan niður með vegarslóðanum að norðurendanum á stíflunni. Þessi tillaga er sýnd á meðfylgjandi teikningu. Með þessu yrði það svæði kringum vatnsbólið, sem viðkvæmast er, verndað fyrir hvers kyns beinu, mengandi niðurrhripi.

Lindir sem fullnægja myndu vatnspörf Raufarhafnar eru í Selhólalækjum. Ekki kom undirritaður auga á neina skynsamlega ástæðu til að flytja vatnstökuna þangað. Augljóst er að því fylgir mikill kostnaður. Mælingar vantar auk þess í lindunum. Vitneskja þarf að fást um hvað rennsli í þeim getur orðið minnst. Eftir því færri hversu margar af lindum þessum þyrfti að beisla.

Kristján Sæmundsson



Girðing umhverfis vatnsból Raufarhafnar



OS 96.01.0010 KS